



FRAMKVÆMDALEYFI

Með tilvísan í neðangreind gögn og 11. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012 er Samtökum sveitarfélaganna á Höfuðborgarsvæðinu hér með veitt framkvæmdaleyfi fyrir borun rannsóknarhola til grunnvatnsmælinga á Bláfjallasvæðinu.

Framkvæmdalýsing: Framkvæmdin felst í borun (loftborun) á fjórum rannsóknarholum til grunnvatnsmælinga á Bláfjallasvæðinu. Fyrirhugaðar borholur eru vöktunarholur sem ætlað er að styrkja grunnvatnslíkan Vatnaskila með áherslu á Bláfjallasvæðið í tengslum við áform um framkvæmdir á skíðasvæðinu. Holurnar eru innan fjarsvæðis vatnsverndar að einni undanskilinni sem er utan vatnsverndarsvæðis. Leyfisveiting þessi nær einungis til þeirra hola sem eru innan sveitarfélagsmarka Kópavogsbæjar (hola 1 og hola 3).

Framkvæmd skal unnin í samræmi við fyrirliggjandi framkvæmdalýsingu og hönnunargögn sem tilgreind eru í leyfi þessu.

Eftirlitsaðili ofangreindra framkvæmda f.h. leyfisveitanda er Stefán L. Stefánsson, deildastjóri framkvæmdadeildar á Umhverfissviði og skal hann tilkynna leyfisveitanda skriflega um breytingar á framkvæmdinni miðað við þau hönnunargögn sem tilgreind eru hér að neðan.

Umrætt framkvæmdasvæði er að mestu innan marka vatnsverndar. Því er mikilvægt að framkvæmdin öll sé unnin í góðu samstarfi við viðkomandi heilbrigðiseftirlit. Skal framkvæmdaaðili funda með fulltrúum þeirra áður en framkvæmdir hefjast til að yfirfara verklag við mengunarvarnir m.a. vegna hugsanlegra mengunaráhrifa.

Ef merki finnast um fornleifar við framkvæmdina, sem áður voru óþekktar, skal eftirlitsaðili framkvæmda stöðva framkvæmdir og greina Minjastofnun Íslands frá fundinum. Ekki má hefja framkvæmdir að nýju fyrir en ákvörðun Minjastofnunar liggur fyrir um hvort verkið megi halda áfram og þá með hvaða skilyrðum.

Framkvæmdaleyfi þetta var samþykkt í skipulagsráði Kópavogs _____ og í bæjarstjórn Kópavogs _____.

Áætlað er að framkvæmdum ljúki í nóvember 2023. Framkvæmdaleyfi þetta fellur úr gildi hafi framkvæmdir ekki hafist innan tólf mánaða sbr. 1. málsl. 15. gr. skipulagslaga frá útgáfu framkvæmdaleyfisins.

Kópavogi _____.

f.h. Umhverfissviðs Kópavogsbæjar

Auður D. Kristinsdóttir, skipulagsfulltrúi

Framkvæmdaleyfi þetta er grundvallað á eftirtöldum gögnum:

Gögn	Ábyrgð	Dagsetning
Umsókn Mannvits f.h. Samtaka sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu um framkvæmdaleyfi. Ásamt greinargerð og lýsingu framkvæmdar.	Mannvit	20. janúar 2022
Yfirlitsmynd Staðsetning borhola og lega aðkomuslóða.	Mannvit	Nóvember 2021
Álit Skipulagsstofnunar um matsskyldu.	SSH / Skipulagsstofnun	26. apríl 2019
Minnisblað um greiningu á staðsetningu.	SSH / Verkfræðistofan Vatnaskil	26. júní 2019
Starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis.	SSH / Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis.	
Samþykki forsætisráðuneytis fyrir framkvæmdum innan þjóðlendu.	SSH / Forsætisráðuneytið	
Leyfi umhverfisstofnunar	SSH/Umhverfisstofnun	
Svæðisskipulag Höfuðborgarsvæðisins 2015-2040.	SSH	2015
Aðalskipulag Kópavogs 2109-2040.	Kópavogsbær	28. desember 2021
Skíðasvæðin í Bláfjöllum. Deiliskipulag.	Kópavogsbær	3. febrúar 2005 m.s.br.